Huldukonan í myndlistinni

Nína Gautadóttir sýnir á Kjarvalsstöðum



Nína Gautadóttir Gullöld 1978

Nína Gautadóttir heitir ung listakona er nú sýnir vefnað og vefskúlptúra að Kjarvalsstöðum, en hún hefur stundað nám sitt erlendis og fengist við list sína, slegið vefinn á erlendri grund, einvörðungu, fram til þessa, og hlotið umtalsverðan frama.

Nina Gautadóttir

Við hér vissum ekki einu sinni að hún væri til.

Nína Gautadóttir fæddist í Reykjavík árið 1946 og lauk

Jónas Guðmundsson:

Myndlist

hjúkrunarnámi frá Hjúkrunarskóla Íslands árið 1969, en árið 1976 lauk hún prófi í málaralist frá L'École Nationale Superiéure des Beaux-Arts í Paris, og enn býr hún þar, og hefur tekið þátt í fjölmörgum sýningum erlendis, líklega alls um 30 sýningum og hlotið frama og viðurkenningu.

Þetta er því sannarlega huldukonan í íslenskum myndheimi, að ekki sé nú meira sagt.


Sjálfsagt hefði Nína Gautadóttir getað aflað sér frægðar hér heima dálitið fyrr, til að mynda með því að láta fjölmiðla vita af sér, en listamönnum þykir það oft skylda að láta vita af sigrum sínum erlendis, sem er raunar sjálfsagt mál, því myndlistin er á vorum dögum nornaketill og maður vill gjarnan vita í hverju kraumar.

En það er auðvitað mál hvers og eins, hvað hann hleypur með í blöðin og hvers frægð kemur að utan.

Auk viðurkenningar fyrir listsköpun sína og verðlaunaskjala, þá hefur Nína Gautadóttir hlotið starfsstyrki frá Evrópuráðinu (1972), frá franska ríkinu 1974-1976 og frá Ítalíu árið 1978-1979. Frá Íslandi hefur hún sjálfsagt ekkert fengið, nema boð um að sýna á Kjarvalsstöðum á fögru grænu sumri.

Myndvefnaður og ullarskúlptúrar

Verk Nínu Gautadóttur eru svo sannarlega áhugaverð, og vel hefði maður getað ímyndað sér að þau hefðu vakið enn meiri athygli hér, ef þau hefðu borist hingað dálítið fyrr. Veflistarkonur hafa fyrir löngu brotist út úr vefstólnum og borist inn á ný svið, þannig að vefjalist er nú mun víðtækara hugtak en það var t.d. fyrir aðeins tíu árum.



Má nefna stóru norrænu veflistasýninguna, sem haldin var á Kjarvalsstöðum fyrir nokkrum mánuðum. Og okkur er ljóst að eftir að vefnaðarlistin fór úr böndunum, getur svo að segja allt skeð.

Nína Gautadóttir er vissulega framúrstefnukona í þessari listgrein, en vinna hennar var fáguð handavinna eigi að síður því hvergi er reynt að stytta sér leið, eða vinna tíma að því er séð verður.

Ef til vill verður þetta til þess að myndir hennar vekja stundum meiri furðu tekniskt, en myndrænt, því manni ofbýður satt að segja stundum sú vinna, er lögð er í hlutina.

Á hinn bóginn fer það ekki milli mála að þarna er enginn miðlungur á ferðinni, heldur hugmyndaríkur myndsmiður með hendur úr gulli.

Það er örðugt fyrir mann, sem þekkir naumast annað en vaðmál, að fjalla af einhverju viti um svona myndverk, en maður getur þó hrifist og telur sig þekkja góða hluti þegar maður sér þá, eins og bóndi, sem þekkir gott fé frá vondu. Og ósjálfrátt hefur maður það á tilfinningunni eftir að hafa séð þessar yndislegu myndir, að hinir seinustu verða oft fyrstir.

Minning

Atli Þór Helgason

frá Akranesi

Fæddur 19. janúar 1950.
Dáinn 7. ágúst 1980.

Margoft erum við minnt á, að íslensk náttúra er þrungin óvissu, hættum og ógnunum, sem mannlegur máttur fær oft ekki við ráðið. Þetta á ekki aðeins við um fjöll og firnindi, himinn og haf, jökla og jökulár, heldur einnig lind- og bergvatnsár, sem oft láta lítið yfir sér. Þessa urðum við áþreifanlega vör fimmtudaginn 7. ágúst síðastliðinn, er Norðurá í Borgarfirði, ein af okkar fegurstu og bestu laxveiðiám, hrifsaði til sín með hörmulegum hætti, bjartan, glaðlegan og hraustan svein, þrítugan að aldri: Atla Þór Helgason, úrsmið frá Akranesi.

Atli Þór var fæddur 19. janúar 1950 á Akranesi, sonur Helga úrsmiðs á Akranesi Júlíussonar fyrrum bónda að Leirá í Leirársveit og konu hans Huldu Jónsdóttur húsasmiðs á Norðfirði og síðar á Akureyri. Uppvöxt sinn fékk Atli á Akranesi ásamt systkinum sínum þeim Pétri og Hallfríði. Stundaði hann þar nám og leik, en hélt síðan að gagnfræða- og iðnskólanámi loknu til framhaldsnáms í Ringsted í Danmörku,þar sem hann lagði fyrir sig sömu iðn og faðir hans, úrsmíði. Frá þeim tíma, námsdvölinni í Danmörku, eiga skólabræður hans og kunningjar margar hlýjar endurminningar.

Með úrsmíðanáminu fetaði Atli í fótspor föður síns, sem alla tíð hafði á honum verðskuldað dálæti. Starfaði Atli að námi loknu um tíma hjá Omega í Sviss, en hóf að þeim tíma liðnum, er heim kom vinnu á Akranesi við iðn sína með föður sínum, sem þá starfrækti ásamt eiginkonu sinni úra- og skartgripaverslun auk úrsmíða- og viðgerðaverkstæðis. Tók Atli þátt í þeirri uppbyggingu af lífi og sál, eins og öllu, sem hann tók sér fyrir hendur og þótti einsýnt, hver yrði helstur til að taka við fyrirtæki fjölskyldunnar. Harmur foreldra hans og systkina er því mikill við svo sviplegt fráfall.



Enn meiri er missir eftirlifandi eiginkonu Atla, Sigríðar húsmæðrakennara Óladóttur fyrrum skrifstofumanns á Akranesi og konu hans Gíslínu, starfsmanns í Samvinnubankanum á Akranesi. Til hjúskapar stofnuðu þau Atli og Sigríður árið 1974, sem reyndist þeim farsæll og kærleiksríkur. Eginuðust þau 3 börn. Voru þau hjónin samhent og bjartsýn á velferð sína og allt sem framundan var hverju sinni. Virtist lífið og hamingjan leika við þau nú á þessu sumri, allt fram að þeim degi, er skugga brá fyrir svo óvænt og óviðbúið. Á slíkri raunastund kemur sér vel raunsæi Sigríðar, dugnaður hennar og mild lund.

Mestur er þó missir barnanna þriggja, sem fengu að kynnast föður sínum, svo stutt, sem raun ber vitni, Helga í 6 ár, Óli Örn í 2 ár og stúlkan sú yngsta aðeins í 2 mánuði. Yfir slíkum örlögum ungra barna verða allir sem til þekkja agndofa. Reynir nú og síðar á vini og vandamenn í aðstoð og umönnun þeirra.

Fyrir aðra er fráfallið einnig sárt og þungt. Alti var ákaflega glaðlegur og hýr maður og átti sérstaklega auðvelt með að umgangast fólk, létta því stundir og koma fram brosi. Þá var það fátt, sem hann lét sér óviðkomandi og hafði oft aflað sér upplýsinga og þekkingar um ótrúlegustu hluti. Áhugasamur var hann um félagsmál heimabæjar síns og tók t.d. virkan þátt í starfi íþróttahreyfingarinnar, einkum badmintonfélagi Akraness, sem hann helgaði krafta sína nú hin síðari ár, en var um tíma þar á undan áhugasamur sundíþróttamaður. Átti hann sæti í stjórn Badmintonfélags Akraness og sem fulltrúi þess í stjórn íþróttabandalags Akraness. Innan Kiwanishreyfingarinnar á Akranesi var Atli ómissandi við öll meiriháttar tækifæri og lagði á sig mikið og óeigingjarnt starf í hennar þágu. Meðal stéttarbræðra sinna, úrsmiða, var hann virtur sem fagmaður og innan Akraness, sem dugmikill, framsýnn og traustur iðnaðarmaður Orðstír gat hann sér því góðan og varð af því mjög vin- og félagamargur hið stutta æviskeið sitt.

Með trega horfa ættingjar, vinir og kunningjar á eftir Atla Þór í dag, hinsta sinni.

Minningin um góðan og glaðlegan dreng mun þó geymast og greypast í hugi og hjörtu þeirra sem eftir standa um ókomin ár.

Innilegustu samúðarkveðjur til ættingja og vina.

Guðrún og Jón Sveinsson.

Íbúar Bessastaðahrepps

í tilefni að áhleypingu vatns á veitukerfi Hitaveitu Bessastaðahrepps verður sveitastjórnin með opið hús í Álftanesskóla fyrir íbúa hreppsins laugardaginn 16. ágúst kl. 14-17.

Sláturhúsvinna í Noregi

Sauðfjársláturhús í Noregi óska að ráða nokkra menn vana sauðfjárslátrun til starfa í haust
á timabilinu 8. sept. til októberloka.
Ferðir og uppihald verður greitt.

Upplýsingar eru veittar hjá **Búnaðarfélagi Íslands**, simi 19200.